

Aðalfundur Læknafélags Íslands
14. október 2022

Ályktun
um aðgerðir til að draga úr veikindafjarvistum

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi 14. október 2022 skorar á stjórnvöld að ráðast í markvissar aðgerðir vegna vísbendinga um aukinn heilsubrest lækna og vaxandi brotthvarf þeirra af vinnumarkaði.

Niðurstöður heilsufarskannana heilbrigðisstétta hafa gefið vísbendingar um versnandi líðan, samhliða aukinni streitu og einkennum kulnunar. Opinberar tölur seinustu ára sýna auknar veikindafjarvistir lækna ásamt umtalsverðri fjölgun umsókna í starfsendurhæfingar- og veikindasjóð. Mikilvægt er að sporna við þessari óheillaþróun til að draga úr álagi svo sem með auknum stuðningsúrræðum, úrbótum á starfsumhverfi, fjölgun stöðugilda og styttingu vinnuvikunnar. Áhersla sé lögð á að starfslýsing liggi fyrir í ráðningarsamningi og að hún endurspegli raunhæft umfang verkefna lækna, sem og að hámarksfjöldi sjúklinga í umsjón læknis sé skilgreindur.